

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2267  
komudagur 6.6.2002

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. júní 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, mál nr. 707

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa (SÍF) fagnar skýrari lagamma um heilbrigðiseflingu skv. frumvarpi um Lýðheilsustöð. Lögin, eins og þau koma fyrir í frumvarpinu, munu stuðla enn frekar að markvissri vinnu við heilsuefningu.

Þar sem lögin hafa í för með sér nokkra breytingu á skipan mála er varða heilsuefningu vill SÍF koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð lúti heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti en eðlilegt væri að félagsmálaráðuneyti kæmi einnig þar að. Forvarnarstarf, sem m.a. felst í félagslegum stuðningi við einstaklinga á öllum aldri, er heilsuefning sem er unnin hjá félagsþjónustum sveitarfélaga um land allt.

Eðlilegt hlýtur að teljast að SÍF eigi fulltrúa í sérfræðiráðunum enda starfa félagsráðgjafar víða að heilsuefningu og forvarnarstörfum. Þá viljum við einnig leggja áherslu á að sem flestar fagstéttir komi að sérfræðiráðum.

Æskilegt væri að strax yrði sett á laggirnar geðverndarráð og ráð sem miðar að heilsuefningu og forvörnum vegna barna sérstaklega. Tóbaksvarnaráð ætti að falla undir áfengis- og vímuvarnarráð.

Í frumvarpinu er takmörkuð áhersla á hreyfingu sem heilsuefningu.

Í framhaldi af lagasetningunni þarf að setja margar reglugerðir sem flestar munu á einn eða annan hátt snerta starfssvið og starfsumhverfi félagsráðgjafa. Það er mikilvægt að haft sé samráð við SÍF í þeirri vinnu, enda kemur fagþekking félagsráðgjafa þar að góðum notum.

Við treystum því að fjárveitingar til Lýðheilsustöðvar geri ráð fyrir metnaðarfullu starfi þar á öllum sviðum.

Virðingarfyllt

f.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa

---

Olga B. Jónsd. félagsráðgjafi.

---

Þórdís L. Guðmundsd. félagsráðgjafi.